



Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Borgarnesi 15.08 2022

Efni; Umsögn um frumvarp til laga um sýslumann, mál nr. 122/2022 í samráðsgátt stjórnvalda

Vísað er í drög að frumvarpi til laga um sýslumann í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kallað er eftir umsögnum um umrætt frumvarp.

Á fundi stjórnar SSV þann 1. júní s.l. var tekið fyrir bréf frá dómsmálaráðherra þar sem fyrirhuguð endurskipulagning sýslumannsembætta var kynnt. Í kjölfar umræðu bókaði stjórn eftirfarandi:

„Stjórn lýsir yfir efasemdum varðandi fyrirhugaðar breytingar. Sýslumannsembættin eru mjög mikilvægar þjónustustofnanir í héraði og mörg þeirra verkefna sem þær sinna er erfitt að leysa með rafrænum hætti. Því miður er reynslan sú að þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi sýslumannsembætta undanfarin ár hafa dregið úr þjónustu við íbúa í sumum sveitarfélögum á Vesturlandi. Ef ráðast eigi í breytingar er nauðsynlegt að þær tryggji að þjónusta við íbúa verði efl. Stjórn SSV óskar því eftir frekari kynningu og rökstuðningi fyrir fyrirhuguðum breytingum á embættum sýslumanna.“

Í frumvarpsdrögum eru ítarlegri upplýsingar og rökstuðningur fyrir breytingum á embætti sýslumanna. Eftir stendur að mati stjórnar SSV að ýmsum mikilvægum spurningum er ósvarað og ýmsar efasemdir eru upp um gagnsemi fyrirhugaðra breytinga. Í fyrsta lagi kemur ekki fram með skýrum hætti hvernig sameining sýslumannsembætta eigi að efla byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Í öðru lagi er talað um fjölgun verkefna á starfsstöðum sýslumannsembætta sem er vel, en ekki kemur fram um hvaða verkefni sé að ræða. Í þriðja lagi vill stjórn áréttta það sem kom fram í bókuninni frá 1. júní s.l. að þó svo að mikilvægt sé að auka áherslur á stafræna þróun og rafræna stjórnsýslu þá verða ekki öll verkefni sýslumannsembættanna leyst með þeim hætti. Sýslumenn sinna ýmsum viðkvæmum málum sem ekki verða leyst rafrænt. Í fjórða lagi óttast stjórn SSV að sá mannauður sem hefur byggst upp hjá sýslumannsembættum geti glatast, en mörg þessara starfa eru verðmæt og eftirsótt, ekki síst fyrir fólk með háskólamenntun.

Í umræðum um framtíð sveitarstjórnarstigsins hefur ítrekað komið fram mikilvægi þess að þjónusta við íbúa sé unnin og skipulögð af stjórnvaldi sem næst íbúum. Þetta á við með sama

hætti um stjórnýslu ríkisins að því nær sem ákvörðunartaka og þjónustan er íbúunum því betri ætti þjónustan við þá að vera. Því tekur stjórn heilshugar undir það sem kemur fram í umsögn Byggðastofnunar að mikilvægt er að halda yfirstjórn verkefna opinberrar stjórnýslu í byggðum landsins, líkt og núverandi skipulag sýslumannsembættanna er.

Að lokum er rétt að nefna að í frumvarpinu eru ýmsar jákvæðar áherslur eins og að bæta þjónustu við íbúa, efla starfsstöðvar sýslumanna og nýta ýmis tækifæri sem felast í stafrænni þjónustu. Stjórn SSV telur hins vegar að vinna megi að öllum þessum áherslum með núverandi skipulagi á sýslumannsembættunum og það þurfi því ekki að fækka embættunum úr níu í eitt til þess að þær nái fram að ganga.

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson

framkvæmdastjóri